

UMSÖGN

Viðtakandi: Umhverfis- og skipulagsráð

Sendandi: Skipulagsfulltrúi

Fyrirspurn Fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um hljóðvist á KR svæðinu.

Á fundi umhverfis- og skipulagsráðs dags. 22. júní 2022 var lögð fram eftirfarandi Fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um hljóðvist á KR svæðinu, sbr. 40. liður fundargerðar umhverfis- og skipulagsráðs, dags. 22. júní 2022. Fyrirspurninni var vísað til umsagnar hjá umhverfis- og skipulagssviði, skipulagsfulltrúa.

Fram kemur í kynningu um hljóðvist í kringum KR svæðið að áhyggjur eru af hávaða og hávaðamengun og að tryggja eigi að reglugerð um hávaðamengun sé fylgt. Flokkur fólksins spyr hvernig á að gera það? Hvernig á eftirliti að vera háttáð og hver eru viðurlögin ef reglur um hávaðamengun eru brotnar? Öll þekkjum við hávaðavandann í miðbænum þar sem reglur um hávaðamengun hefur ekki verið fylgt og engar afleiðingar hlotist af því að brjóta lög og reglur í þessu sambandi. Það er ekki nóg að vísa í reglugerðir og halda að þar með sé málið leyst. Vissulega er hægt að skipuleggja húsnæði þannig að svefnherbergi og önnur dvalarsvæði íbúða snúi frá umferðargötum/hávaðavöldum. Erfiðara er að eiga við hitt, þ.e. að tryggja að rekstraraðilar íþróttasvæðis bæði hvað varðar notkunartíma, umgang og annað sem tengist íþróttavöllum raski ekki næði íbúa í íbúðum.

Svar:

Samkvæmt leiðbeiningum Umhverfisstofnunar þá gilda ákvæði um hávaða frá atvinnustarfsemi um umhverfisáhrif á nærliggjandi byggð vegna hávaða frá samkomustöðum og útskemmtunum. Skv. því má hávaði utan við glugga ekki fara yfir LAeq 40 dB á kvöldinn. Síðan má hávaði á samkomum ekki fara yfir LAeq 95 dB. Við byggingu nýrra íbúða þarf að uppfylla viðmið í byggingarreglugerð og hljóðstaðli íst 45. Eins er lagt til að settar séu kvaðir í deiliskipulag um hvaða starfsemi er leyfð og á hvaða tímum. Varðandi hvernig eftirliti er háttáð þá er það eins og með annað að heilbrigðiseftirlit rvk.borg hefur eftirlit með og lætur framkvæma eftirlitsmælingar og gefa út starfsleyfi og álit á skipulags tillögur.

Eftirfarandi kvaðir voru settar inn á skipulag KR svæðisins, sjá að neðan:

Tryggja skal að hljóðvist sé innan þeirra marka sem reglugerð um hávaða kveður á um. Um umferðarhávaða í deiliskipulagi gildir reglugerð um hávaða nr. 724/2008 og



fyrir hönnun bygginga gildir byggingarreglugerð nr. 112/2012 með áorðnum breytingum. Í byggingarreglugerð er vísað í staðal ÍST 45 fyrir hljóðkröfur. Húsnæði skal skipulagt þannig að svefnherbergi og önnur dvalarsvæði íbúða snúi frá umferðargötum/hávaðavöldum. Gerðar verða sérstakar kröfur til rekstraraðila íþróttasvæðis bæði hvað varðar notkunartíma, umgang og annað sem raskað gæti næði íbúa í íbúðum.

Auk þess má nefna að setja skal umgengisreglur varðandi umgengni við keppnisvöll, enda er markmið þeirra að hafa góðan ramma utan um nýtingu keppnisvallarins. Þar er m.a. stefnt að því reynt verði af fremsta megni að haga skipulagi þannig að álag á vellinum sé að jafnaði frá kl. 15-19 en ónæði sé lágmarkað eftir kl. 20.00. Ljós séu slökkt í síðasta lagi kl. 22.00 en fyrr ef hægt er. Jafnframt í skilmálum skipulagsins skal stefnt að því eins og kostur er að koma í veg fyrir hljóðmengun frá aðalkeppnisvelli að íbúðarhúsum. Byggingar umhverfis aðalkeppnisvöll munu skýla fyrir hljóðmengun, en hafa skal sérstakar gætur á að ekki verði ónæði af notkun vallarins

f.h. skipulagsfulltrúa
Björn Ingi Edvardsson